

LEIKSKÓLAMÁL

Skýrsla rýnihóps



Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd

23. maí 2011

Á fundi skólanefndar þann 23. mars 2011 var samþykkt að skipa sérstakan rýnihóp til að fara yfir leikskólamál og gera tillögur um málaflökkinn. Þessi tillaga kemur í kjölfar útkomu skýrslu sem kynnt var í mars um þróun og viðhorf í leikskólamálum á Hornafirði. Eftir umræður í bæjarráði þann 28. mars var ákveðið að í hópnum sætu þrjú fulltrúar skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar, þ.e. einn frá hverju framboði, einn leikskólastjóri, einn starfsmaður frá hvorum leikskóla og tveir fulltrúar foreldra, einn frá hvorum leikskóla. Í rýnihópnum sátu eftirfarandi: Ásgerður Gyldadóttir – formaður skólanefndar, sem jafnframt leiddi starf hópsins, Lovísa Bjarnadóttir – skólanefndarmaður, Matthildur Ásmundardóttir – skólanefndarmaður, Hera Guðmundsdóttir – fulltrúi starfsmanna í Krakkakoti, Gunnhildur Gísladóttir – fulltrúi starfsmanna á Lönguhólum, Jóhann Hilmar Haraldsson – fulltrúi foreldra í Krakkakoti, Jóna Margrét Jónsdóttir fulltrúi foreldra á Lönguhólum, Margrét Ingólfssdóttir leikskólastjóri á Lönguhólum og Snæfríður Svavarsdóttir leikskólastjóri í Krakkakoti skiptu með sér fundum. Starfsmaður nefndarinnar var Stefán Ólafsson framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs.

Í framgreindri skýrslu kemur eftirfarandi fram í lokakafla hennar – Tillögur:

„Segja má að umræða um leikskólamál á Hornafirði sé tvískipt. Annars vegar er um að ræða vöntun á leikskólaplássum og hvernig vinna megi að útrýmingu biðlista. Hins vegar er umræðan um skipan leikskólamála. Eins og sjá má á viðhorfum foreldra, starfsmanna og stjórnenda í leikskólum eru skoðanir skiptar um þá skipan. Einnig liggur fyrir fjárhagsleg greining á valkostum sem ræddir voru. Mikilvægt er að hafa þá greiningu hugfasta þegar ákvörðun er tekin um framtíðarskipan þessara mála.

Tillaga 1.

Að þegar verði gerðar breytingar á reglum sveitarfélagsins um leikskóla sem tryggi eldri börnum forgang með þeim fyrirvörum sem gert er grein fyrir í skýrslunni.

Reglum var breytt á 9. fundi skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar þar sem m.a. var kveðið á um forgang þriggja ára barna til leikskólavistar fram yfir þau sem yngri eru.

Tillaga 2

Í ljósi þess sem fram kemur í könnunum, viðtölum og öðrum gögnum sem birtast í þessari skýrslu er lagt til að skólanefnd eða sérstakur rýnihópur á vegum nefndarinnar fari yfir greinargerðina og greini betur þá þætti sem foreldrar og starfsfólk vill að skoðaðir verði í starfi leikskólanna. Þessi vinna verði unnin í samráði við stjórnendur og starfsfólk í leikskólum og foreldra leikskólabarna.“

Rýnihópurinn hélt samtals fjóra fundi og er skýrsla þessi afrakstur þeirra funda. Ljóst var strax í upphafi funda rýnihópsins að skoðanir innan hans voru skiptar. Endurspegluðu þær að vissu marki allar þær skoðanir sem fram komu í könnun og skýrslu um leikskólamál frá mars 2011. Það varð því snemma ljóst að ekki yrði um að ræða eina sameiginlega niðurstöðu. Eftirfarandi bókun á öðrum fundi rýnihópsins endurspeglar þessi mismunandi viðhorf nokkuð vel:

„Gunnhildur greindi frá því að starfsmenn Lönguhóla hafi farið yfir skýrsluna og þar hafi verið undirstrikuð mismunandi viðhorf starfsmanna, sem er í samræmi við könnunina. Fram kom áhersla hjá starfsmönnum að auka megi samvinnu á milli leikskólanna tveggja, bæði í frjálsa leiknum og starfi. Í máli Heru, starfsmanns Krakkakots, kom fram hugmynd um einn heildstæðan sex deilda leikskóla en einnig að byggja við skólann þriðju deildina. Jóhann taldi þrennt vera efst í hugum foreldra, þ.e. hugmyndir um aldursskiptingu, val foreldra um

leikskóla og aukið samstarf á milli leikskólanna, ekki síst með elsta árganginn. Hann taldi rétt að auka leikskólapláss, þ.e. stækka annan skólann, eyða þannig biðlista og auka um leið samvinnu á milli skólanna. Ragnar (sem sat fundinn í stað Jónu Margrétar) tók undir viðhorf Jóhanns. Hvorugur fulltrúi foreldra mælti með þriðja staðnum fyrir börnin til frambúðar en tekið undir þau viðhorf að leysa þurfi núverandi vanda með öðru húsnæði. Matthildur sagðist enn vera hrifin af hugmynd sem fram kom á síðasta fundi um einn sex deilda leikskóla. Lovísa sagðist hlynnt einum leikskóla í einu húsi og benti um leið á stærð samfélagsins og áhrif mismunandi stærðar árganga. Einnig var rætt um aðstæður dagmæðra (dagforeldra).“

Fram kom í rýnihópnum það sjónarmið að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags með aldursskipta leikskóla en ekki var samstaða um það. Fulltrúar hópsins voru hins vegar sammála um að fjölga þyrfti um eina leikskóladeild frá því sem nú er þannig að þær yrðu 6. Sumir vildu byggja nýjan 6 deilda skóla á meðan aðrir vildu byggja nýja deild við leikskóla sem fyrir eru. Þá var samstaða um að auka þyrfti samveru elsta árgangs leikskóla frá því sem nú er. Matthildur taldi að almenn sátt næðist ekki fyrr en einn 6 deilda leikskóli fyrir öll leikskólabörn yrði byggður. Þannig væri komið í veg fyrir ágreining vegna skiptingar árganga á milli leikskóla. Stjórnfyrirkomulagið yrði einnig einfaldara, einn leikskólastjóri og einn aðstoðarleikskólastjóri, sem hefði í för með sér sparnað í rekstri og sveigjanleika í starfsmannahaldi. Snæfríður sagði að óánægja starfsfólks í Krakkakoti, sbr. það sem fram kemur í könnun um leikskólamál, stafi fyrst og fremst af óánægju með húsnæði.

Nokkuð var rætt um að gera þyrfti nýja könnun meðal starfsmanna og foreldra leikskólabarna, m.a. vegna orðalags einstakra spurninga. Um það voru skiptar skoðanir.

Rýnihópurinn var sammála um að bæta þyrfti einni deild við leikskólana á Hornafirði. Framtíðarlausnin gæti þá annaðhvort legið í því að stækka minni leikskólann eða byggja einn stóran.

Í framhaldi af því óskaði Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri eftir því að Verkfræðipjónustan ehf. vinni kostnaðarmat á breytingum á leikskólunum og um leið hvernig slíkar breytingar á samrýmdust skipulagi og aðkomu að þeim. Kostnaðarútreikningar á þeim valkostum eru:

Byggja þrjár deildir við Lönguhóla

Verkliðir	Magn		Verð/ein	Verð
Nýbygging/viðbygging	510	m ²	290.000	147.900.000
Gröftur	5000	m ³	300	1.500.000
Fylling	4500	m ³	1.300	5.850.000
Hönnun	10	%		15.525.000
Frágangur eftir rask	1	heild	500.000	500.000
Ófyrirséð	10	%		17.127.500
Sala á húsnæði Krakkakots	1	heild	0	0
				188.402.500

Lönguhólar er 430 m² (brúttó) í dag

Eftir stækkun = 430+510 = 940 m² (brúttó)

Byggja eina deild við Krakkakot

Verkliðir	Magn		Verð/ein	Verð
-----------	------	--	----------	------

Nýbygging/viðbygging	150	m ²	300.000	45.000.000
Gröftur	0	m ³	0	0
Fylling	0	m ³	0	0
Hönnun	7,5	%		3.375.000
Frágangur eftir rask	1	heild	250.000	250.000
Ófyrirséð	10	%		4.862.500
				<u>53.487.500</u>

Krakkakot er 377 m² (brúttó) í dag
Eftir stækkun = 377+150 = 527 m² (brúttó)

Í samantekt Verkfræðiþjónustunnar kemur fram að aðkoma að vinnusvæði, rask og truflun gæti orðið talsverð ef byggt verður við Lönguhóla. Jafnframt þurfi að skoða áhrif á nágretta skólans. Í samantekt Verkfræðiþjónustunnar kemur fram að búið er að jarðvegsskipta við Krakkakot og aðkoma að vinnusvæði er auðveldari en við Lönguhóla.



Mynd 1. Stækkun á Lönguhólum. Þrjár deildir. Hugmynd a



Mynd 2. Stækkun á Lönguhólum. Þrjár deildir. Hugmynd b.



Mynd 3. Stækkun á Lönguhólum.



Mynd 4. Stækkun á Krakkakoti

Niðurstaða hópsins er að forgangsatriði sé að auka leikskólaláss sem samsvarar einni leikskóladeild. Næsta skólaár verður bætt við einni deild á Krakkakoti í samvinnu við leikskólastjóra og starfsfólk en samtímis unnið að framtíðarlausn með nýbyggingu.

Koma þurfi til mótis við börn og foreldrar með aukinni og sýnilegri samvinnu/samkennslu elstu árganga milli skólanna.

Framtíðarfyrirkomulag leikskólamála mun ráða miklu um fyrirkomulag stjórnunar skólanna og telur rýnihópurinn ekki ástæðu til að vera með tillögur um þann þátt.

Ásgerður Gylfadóttir

Lovísa Bjarnadóttir

Matthildur Ásmundardóttir

Snæfríður Svavarsdóttir

Margrét Ingólfssdóttir

Gunnhildur Gísladóttir

Hera Guðmundsdóttir

Jóhann Hilmar Haraldsson

Jóna Margrét Jónsdóttir